

93

¹/₅ '29

5. gr.

Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti húseignir í Borgarnesi.

6. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923 staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. maí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

94

³/₁₂ '29

REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Neskaupstað, Norðfirði.

I.

Skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Brunamálnefnd skal skipuð fimm mönnum: Formanni bæjarstjórnar, sem er formaður hennar, slökkviliðsstjóra og þremur bæjarfulltrúum, kosnum af bæjarstjórn jafnframt föstum nefndum.

Brunamálanefnd hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti, sem það ekki ber beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé framfylgt og fullnægt skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.

II.

94

3/12 '29

Hver slökkvitæki bærinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Neskaupstað er skylt að eiga, auk slökkvihúsa, þessi slökkvitæki í not-hæfu standi:

2 véldælur.

2 björgunarstiga.

Slöngur a. m. k. 200 mtr.

Vagna og sleða undir dælurnar.

Brunastjaka og önnur smærri áhöld.

Áhöldum þessum skal á kostnað bæjarsjóðs haldið vel við, og dælurnar reyndar einu sinni í mánuði. Þegar brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja, skal hún gera um það tillögur sínar við bæjarstjórn, er fjárhagsáætlun er samin.

3. gr.

Til geymslu á áhöldum og slökkvidælum skal reisa slökkvihús. Lyklar skulu vera í vörzlum slökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Auk þess skal einn lykill vera í hylki með glerrúðu við dyr.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjá brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, og ber ábyrgð á, að þau séu jafnan fyrir hendi og vel við haldið. Í árslok sendir slökkviliðsstjóri nefndinni skýrslu yfir æfingar, sem fram hafa farið á árinu, og skrá yfir slökkviáhöld þau, sem til eru, og skal þess þá jafnframt getið, hvað keypt hafi verið nýtt á árinu og ásigkomulag hinna. Afrit af skýrslum sendir formaður brunamálanefndar til Brunabótafélags Íslands.

III.

Skylda bæjarbúa til að gegna slökkvistörfum og skipun slökkviliðs.

5. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Slökkviliðsstjóri og varamaður hans mega aldrei vera á brott úr bænum samtímis, nema lögreglustjóri leyfi. Árlega skal auglýsa í bænum hverjir séu yfirmenn slökkviliðsins og heimilisfang.

6. gr.

Allir karlmenn í bænum eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára unzt þeir eru 60 ára, nema sjúkleiki banni. Undanþeginn frá ákvæði þessu eru starfandi læknar og sóknarprestur.

7. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri skulu skipaðir af bæjarstjórn, eftir tillögum brunamálanefndar. Ákveður bæjarstjórn laun þeirra.

8. gr.

Brunamálanefnd ákveður hver einkenni slökkviliðið skuli bera þegar það er að starfi sínu.

Slökkviliðsstjórinn stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að það sé vel æft. Þegar eldsvoða bera að höndum ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki láta rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til. — Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

9. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er að viðlagðri sekt skyldur að mæta á æfingum og til að slökkva eldsvoða, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins og hlýða þá í einu og öllu því sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er og búið að koma fyrir áhöldum eða slökkviliðsæfingu, áður henni er lokið og varðar hvorttveggja sektum ef út af er brugðið.

10. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður löglegluliðsins, er halda skal uppi góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Skal brunamálanefnd í samráði við lögreglustjóra tiltaka hve margir og hverjir séu í liðinu. Þer löglegluliðinu sérstaklega að gæta þess, er eldsvoða ber að höndum, að slökkviliðsmenn hafi greiðan aðgang að eldinum og vatni, og óviðkomandi fólk þyrpist eigi að til бага.

IV.

Vatnsburður, vatnstaka o. fl.

11. gr.

Þegar komin verður bæjarvatnsveita, skal vatn til að slökkva eld og æfinga tekið úr slöngulásum. Skal vandlega litið eftir að þeir séu jafnan í notfæru ástandi og mokaður frá þeim snjór að vetrum, þegar með þarf.

Enginn má taka vatn úr slöngulásum eða snerta við þeim, nema með leyfi lögreglustjóra.

12. gr.

94

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnslögn í húsi hans til að slökkva með eld og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að henni. Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti aðeins vatn til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

13. gr.

Ef hús brennur, þar sem vatnsveita liggur ekki að, eða ef vatn úr slöngulásunum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir til að flytja vatn, og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefir umráð yfir. Ef tækin skemmast eða tapast, skal fullt endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

14. gr.

Það er skylda hvers manns, hvort hann er í slökkviliðinu eða ekki, sem er viðstaddur eldsvoða, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

V.

Skoðun eldfæra og reykháfa.

15. gr.

Brunamálanefnd skal, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum í bænum, og lita eftir, að þau séu útbúin lögum samkvæmt og að reykháfarnir hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og að athuga hvort púðurbirgðir og önnur eldfim efni, séu geymd lögum samkvæmt. Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að fá það lagfært, og skal þá að honum liðnum ný skoðun fram fara. Komi það í ljós við hina síðari skoðun að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf.

VI.

Varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

16. gr.

Á götum, stakksstæðum, torgum eða annarsstaðar á almannafæri, eða milli húsa eða í gördum, má eigi setja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til

94 ^{3/12 '29} eldunar, nema leyfi sé veitt til þess í hvert skipti af lögreglustjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gæta. Þegar slík eldun er leyfð, skulu menn ávallt vera við eldinn, og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið ef eldnæmum efnum. — Hið sama er um tjörgun og bikun undir beru lofti. Í húsum inni má ekki hafa slíkt um hönd á næturþeli. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldglæður, nema í lokuðum málmkössum.

17. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir nefndin því aðeins samþykki til þess, að af því geti ekki stafað veruleg eldhætta. Mikið af viði og borðum má því aðeins hafa fyrir utan hús, að lögreglustjóri leyfi. Ákveður hann um leið hve stór hver trjáhlaði megi vera, millibil og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó aldrei má minna vera en 6 metrar. Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarhlaða hærri en 6 metra, og ekki stærri að flatarmáli en 40 metra, enda standi þá ekki hlaðarnir nær hvor öðrum en 2 metra og ekki nær næsta húsi en 6 metra.

Birgðir af steinolíu, bensíni, terpintínu eða öðrum eldfimum efnum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem bæjarstjórn samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer eftir lögum um brunamál.

Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi bæjarstjórnar, má lögreglustjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

18. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, bensíni eða áþekkum lýsingarvökvum, skal fylgt eftirfarandi varúðarreglum:

1. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, þótt byrgt sé í lokuðu ljóskeri, ekki kveikja á eldspítu, né reykja þar tóbak. Ekki mega þar heldur vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur.
2. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar og þær geymdar utanhúss, í görðum eða húsum, sem engin íbúð er í, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má þar ekki kveikja né bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnu eða stærra iláti við ljós, nema ljósið sé geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a. m. k. í 2 m. fjarlægð.
3. Birgðir allt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þó skulu þær geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum.
4. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er með ljós eða eld, má ekki tappa úr ilátum neitt ljósmeti, sem er svo eldfimt, að í því kvikni við 40° hita hundraðsmælis (Celsius).
5. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni í sölustöðum eða smíðahúsi, skal gæta alls hreinlætis. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi,

skal hann þurkaður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldnæma hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim séu höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. 94
3/12 '29

Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af framangreindum ljósvökum, má enginn vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslunum lokað, svo óviðkomandi menn komist þar ekki inn.

6. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem geiyrdir eru meira en 200 lítrar af framangreindum ljós-

19. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

1. Eld má ekki fara með nema í eldstæðinu eða ofninum og ekki má reykja þar tóbak.
2. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái að minnsta kosti 8 cm. út á alla vegu. Kantur málmplötunnar skal beygður upp á við.
3. Kertaljós má því aðeins nota, að það sé haft í ljósastjaka úr málmi og nauðsynlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sé borðlampi notaður, skal hann standa á þungum fæti, svo að ekki sé hætt við, að hann velti um koll.
4. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt frá sér.
5. Tréspænir, hey og aðrir slíkir eldfimrir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefum, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
6. Miklar birgðir af trésmíðaeefni mega ekki liggja í göngum né stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Handiðnamenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaeefni í járnsmíðju sinni, en þarf til þess, að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.
7. Þegar vinnunni er lokið að kveldi og áður en smíðir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.
8. Í sérhverju smíðahúsi skal vera sérstakur vatnssnerill með viðfestri slöngu.
9. Í sérhverju smíðahúsi skal prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa þær. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um

94
3/12 '29

að reglum þessum sé hlýtt og að hinnar mestu varúðar sé gætt að öllu leyti í meðferð á eldi eða ljósi.

20. gr.

Öll raftæki og gastæki, sem notuð eru til hitunar eða suðu, svo og straujárn, skulu ætíð vera svo útbúin, að undir þeim standi hitaeinangrarar og annar umbúnaður svo, að ekki stafi brunahætta af.

VII.

Slökkviliðið.

21. gr.

Slökkviliði bæjarins skal skipt þannig:

1. Björgunarflokkur.
2. Húsrífsflokkur.
3. Dæluflokkur.
4. Vatnsslönguflokkur.
5. Stigaflokkur.
6. Áhaldagæzlumenn.
7. Vatnsburðaflokkur.
8. Brunaboðar.

Slökkviliðsstjóri og brunamálanefnd ákveða tölu hvers flokks, en slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra. Ennfremur skal slökkviliðsstjóri gera skrá yfir flokkana og tilkynna liðsmönnum í hvern flokk hverjum einum er skipað. Skulu yfirmenn lögregluliðsins hafa afrit að liðsskránni og gæta þess jafnan á æfingum og við eldsvoða, að enga vanti og kæra það, ef eigi er gild fjarvistar- eða veikindaforföll.

22. gr.

1. Björgunarflokknum er skylt að mæta á brunastaðnum, þegar eldsvoða ber að höndum, svo fljótt sem unnt er. Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum. Allt, sem hann bjargar, skal hann fara með á óhultan stað, ef unnt er og fara vel með það.

Enga björgun má flokkurinn framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir skipun slökkviliðsstjóra eða flokksstjóra, sem gengur í hans stað.

2. Húsrífsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávallt hafa verkfæri sín með á brunastaðinn.
3. Dæluflokkar skulu mæta við slökkvihúsið, svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum. Eiga þeir tafarlaust að flytja dælurnar á bruna-

staðinn og setja þær þar sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir og auðvelt er að ná í vatn, og byrja að dæla.

94
3/12 '29

4. Vatnsslönguflokkur skal koma slöngunum á brunastaðinn, og setja þær eins og bezt verður við komið til að slökkva eldinn, eftir fyrirskipun yfirmanna.
5. Stigaflokkur sér um að flytja stigana á brunastaðinn og setja þá upp þar sem með þarf, eftir fyrirskipunum yfirmanna.
6. Áhaldagæzlumenn skulu sjá um að flytja slökkvitæki, svo sem fötur o. fl., sem ekki er falið sérstökum flokkum, á brunastaðinn eða æfingastaði. Jafnframt bera þeir ábyrgð á, að öllum áhöldum sé komið aftur í slökkvihúsin, og gengið þar frá þeim eins og vera ber, eftir æfingar eða eldsvoða.
7. Vatnsberar skulu, meðan ekki er komin vantsleiðsla, sem gefur nægilegt vatn, sækja vatn og bera eftir tilvisun yfirmanna. Fötur taka þeir hjá áhaldagæzlumönnum og skila þeim til þeirra, þegar yfirmaður lætur hætta vatnsburði.
8. Þar til öðruvísi verður fyrirkomið, skulu brunaboðar gera slökkviliðinu aðvart um eldsvoða, með því að blása í lúðra. Skulu þeir að því loknu mæta á brunastaðnum.

23. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér sérstaklega far um, að taka öllu með gætni og stillingu og vera skjóttir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

24. gr.

Það er skylda hvers mann, sem verður eldsvoða var, að tilkynna slökkviliðinu það þegar í stað. Verði einhver liðsmaður þess var, að óvarlega er farið með eld eða brotið á móti brunareglugerð bæjarins, skal hann tilkynna slökkviliðsstjóra það, hið bráðasta.

25. gr.

Allir liðsmenn, að undanskildum björgunarflokksmönnum, eru skyldir að mæta á brunastöðinni, nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn og ber þeim öllum skylda til að sjá um að þau komist þangað í nothæfu standi.

Enginn slökkviliðsmaður má fara af brunastaðnum, nema slökkviliðsstjóri leyfi. — Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

Sektarðkvæði.

26. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál og greiði hinn seki allt að 50 kr. sekt fyrir brot sitt í bæjarsjóð.

27. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt 20. gr. laga nr. 48, 7. maí 1928 um bæjarstjórn í Neskaupstað, sbr. lög nr. 85, 22. nóvember 1907, til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. desember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um

sölu áfengis til lækninga.

1. gr.

1. Um innflutning lyfja, sem áfengi er í, fer eftir lögum nr. 69 1928 og lögum nr. 64, frá 1930.
2. Læknar, sem lyfsölurétt hafa, fá áfengi og áfeng lyf frá Áfengisverzlun ríkisins og því aðeins frá lyfjabúð, að is eða ótið teppi flutninga frá Reykjavík, og skulu þeir jafnan hafa sent skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni. Skal seljandi geyma slíkar kaupbeiðnir.
3. Smáskammtalæknum er heimilt að kaupa smáskammtalyf með vinanda í lyfjabúðum. Skulu þeir þá jafnan senda skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni, og fylgi hverri slíkri kaupbeiðni meðmæli frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og presti. Má vinandinn í þeim lyfjum ekki fara fram úr 3 lítrum á ári, nema landlæknir gefi leyfi til þess. Þessar kaupbeiðnir skal seljandi geyma.

2. gr.

„Ómengað áfengi“ („áfengi eða áfeng lyf“, sbr. 21. gr. laga nr. 69, frá 1928) merkir vinanda (spiritus), Konjak (spir. vini Gallici), vín, sem löggilt